

sbr. dómskjöl nr. V og VI, og verður því staðhæfing ákærðu um, að þeir væru í landi, þar sem ekki þyrfti leyfi til veiða, ekki tek-in til greina.

Verður því að telja með tilliti til skýrslu lögreglu og fram-burða ákærðu sjálfra, að þeir hafi gerst brotlegir við þær laga-greinar, sem í ákæru greinir og að framan eru skráðar, og ber því að ákvarða þeim refsingu samkvæmt því.

Þykir refsing hinna ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin sekt, kr. 7.000, til ríkissjóðs.

Enn fremur ber ákærðu að greiða allan sakarkostnað.

Adólf Adólfsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði Friðrik Björnsson greiði kr. 7.000 í sekt til ríkis-sjóðs innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, ella komi 2 daga varðhald í staðinn.

Ákærði Árni Pétursson Lund greiði kr. 7.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, ella komi 2 daga varðhald í staðinn.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 30. maí 1980.

Nr. 75/1980. **Kristján Júlíusson**
 gegn
Skúla Thoroddsen
Ingibjörgu Einarsdóttur og
Halldóru Gísladóttur.

Kærumál. Frávísunardómur að hluta úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigur-jónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með

kæru 12. maí 1980, sem barst Hæstarétti 21. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og lagt fyrir bæjarþing Reykjavíkur að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðiljum hefur hvorki borist kröfugerð né greinargerð.

Með tilvísun til þess, sem segir í forsendum hins kærða dóms um varnaraðiljana Ingibjörgu Einarsdóttur og Halldóru Gísladóttur ber að staðfesta frávísunardóminn að því er þær varðar.

Varnaraðilinn Skúli Thoroddsen sótti sáttafund og dómþing bæjarþings Reykjavíkur í máli þessu. Hann ber beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum fyrirtækis varnaraðilja, Rauðu stjörnunnar. Á sóknaraðili því rétt á að fá efnisdóm í málinu að því er hann varðar. Verður hinn kærði dómur því úr gildi felldur að því er varnaraðiljann Skúla Thoroddsen varðar og málinu að því leyti vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að varnaraðilinn Skúli Thoroddsen greiði sóknaraðilja 50.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður að því er varðar varnaraðiljana Ingibjörgu Einarsdóttur og Halldóru Gísladóttur.

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur að því er varðar varnaraðiljann Skúla Thoroddsen og málinu gagnvart honum vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar af nýju.

Varnaraðilinn Skúli Thoroddsen greiði sóknaraðilja, Kristjáni Júlíussyni, 50.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. apríl 1980.

Mál þetta höfðaði Kristján Júlíusson, Hofteigi 18, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 21. júní

1979, gegn Skúla Thoroddsen lögfræðingi, Reykjahlíð 12, Ingibjörgu Einarsdóttur, Ægissíðu 129, báðum í Reykjavík, og Halldóru Gísladóttur, Engjaseli 69, Reykjavík, nú dveljandi í Svíþjóð, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 593.900 með 9% ársvöxtum frá 1. jan. til 15. júlí 1976, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóv. 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979 og 22% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaði, þar með talinn kostnaður við árangurslausa sáttatilaun, að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að hin umstefnda skuld sé eftirstöðvar andvirðis 340 eintaka af bókinni Stalin eftir J. T. Murphy, sem sameignarfélag stefndu, Rauða stjarnan, hafi fengið til sölu í nóvember og desember 1975. Eftirstöðvarnar nemi hinni umstefndu fjárhæð.

Lagt hefur verið fram ljósrit úr Firmaskrá Reykjavíkur, þar sem fram kemur, að 9. maí 1974 var skrásett, að Skúli Thoroddsen, Ingibjörg Einarsdóttir og Halldóra Gísladóttir reki með ótakmarkaðri ábyrgð sameignarfélag í Reykjavík undir nafninu Rauða stjarnan s/f. Firmað ritar Skúli Thoroddsen einn. Prókúru hefur Ingibjörg Einarsdóttir. Hinn 19. okt. 1977 var firma þetta afskráð úr firmaskránni.

Málið var þingfest 21. júní 1979 að undangenginni sáttameðferð hjá sáttanefnd Reykjavíkur 12. febrúar 1979. Sáttakæran var ekki birt skv. 8. og 89. gr. laga nr. 85/1936, en árituð af stefnda Skúla Thoroddsen þannig: „Mér löglega birt 8. febr. 79 Skúli Thoroddsen f. h. sameigenda.“ Á fund sáttanefndar mættu lögmaður stefnanda og stefndi Skúli Thoroddsen. Stefnan, sem dagsett er 13. júní 1979, var ekki birt skv. ákvæðum VIII. kafla laga nr. 85/1936, heldur árituð af stefnda Skúla þannig: „Mér löglega birt fyrir hönd stefndu beggja Ingibjargar og Halldóru auk mín. Reykjavík 13. júní 1979, Skúli Thoroddsen.“ Í stefnu kemur fram, að stefnda Halldóra sé dveljandi í Svíþjóð og að fallið verði frá stefnufresti fyrir hana.

Stefndi Skúli Thoroddsen, sem ekki hefur lögmansréttindi og ekki er í þeim tengslum við stefndu Ingibjörgu og Halldóru, sem talin eru í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942, skilaði greinargerð fyrir sína hönd og annarra stefndu. Í greinargerð þessari er krafist sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað að skaðlausu, allt að 80% af texta LMFÍ, þar sem stefndu verji mál sitt án aðstoðar héraðsdóms-

lögmanns. Til vara eru þær dómkröfur gerðar, að stefnufjárhæð verði lækkuð verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

Þar sem Skúli Thoroddsen hefur ekki lögmannsréttindi, er honum óheimilt að fara með mál fyrir stefndu Ingibjörgu og Halldóru skv. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942. Verður því að telja, að ekki hafi verið sótt þing fyrir þessa stefndu, og þar sem stefnubirting fór ekki fram skv. ákvæðum VIII. kafla laga nr. 85/1936, ber að vísa málinu frá dómi að því er stefndu Ingibjörgu og Halldóru varðar.

Skuld sú, sem stefnandi krefur stefndu um greiðslu á, er vegna viðskipta stefnanda við sameignarfélag stefndu, sem þau ráku með ótakmarkaðri ábyrgð. Samkvæmt 46. gr. laga nr. 85/1936 bar stefnanda að höfða mál á hendur öllum sameigendunum. Þegar til þess er litið, sem að framan hefur verið rakið um birtingu stefnu og sáttakæru í máli þessu, þá hefur málið ekki verið höfðað á hendur stefndu Halldóru og Ingibjörgu, sbr. 103. gr. laga nr. 85/1936. Ber því einnig að vísa máli þessu frá dómi að því er stefnda Skúla varðar.

Niðurstaða málsins er því sú, að máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Þegar málsatvik eru virt, þykir þrátt fyrir ákvæði 180. gr. laga nr. 85/1936 rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.
